

Til Mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar

Héraðsfundir Reykjavíkurráðgjafsdæma eystra og vestra haldnir í Breiðholtskirkju og Neskirkju, fimmtudaginn 21. október 2010 þakka það góða samstarf sem söfnuðir borgarinnar hafa haft við skólana í áratugi þar sem velferð og hagur barnanna hefur ætíð verið hafður að leiðarljósi. Um leið mótmæla héraðsfundirnir framkominni tillögu Mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar frá 12. október sl. sem lýtur að samskiptum skóla og trúar- og lífsskoðunarfélaga. Fundirnir benda m.a. á úrskurði Mannréttindadómstóls Evrópu í þessu sambandi. En þar kemur fram, að það brjóti hvorki í bága við mannréttindi né sé um mismunun að ræða þótt trúar- eða lífsskoðunarfélög séu í samstarfi við grunn- eða leikskóla enda sé það samstarf ávallt á forsendum skólans.

Fundirnir hvetja Mannréttindaráð til þess að falla frá þessari tillögu og standa þar með vörð um rétt foreldra og barna til trúfrelsis skv 14. og 29. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í tillögu ráðsins er vísað almennt til mannréttindastefnu borgarinnar og þeirra mannréttindasáttmála sem Ísland hefur undirgengist, en hvergi bent á ákveðnar greinar sem styðja framkomna tillögu. Fundirnir hafna því að um sé að ræða brot á mannréttindum ef boðið er upp á starf á skólatíma sem öll börn geta ekki tekið þátt í á grundvelli sinna lífsskoðana. Því til stuðnings má benda á Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna (sbr. 2 gr. 1. samningsviðauka) og dóma sem fallið hafa hjá Mannréttindadómstól Evrópu (sbr. mál 7442/29.06.07).

Greinagerð:

Í tillögunni er fullyrt að skólastarf í öllum grunnskólum borgarinnar fari úr skorðum a.m.k. 2 daga á hverju hausti vegna fermingarfræðslu kirkjunnar. Þessi fullyrðing er röng. Mismunandi er hvernig fermingarfræðslu er háttað í hverri sókn fyrir sig. Margar kirkjur fara í sólarhrings ferð en mismunandi er hvort um er að ræða tvo virka daga eða hálfan skóladag. Einnig eru víða dagsferðir og þá bæði á virkum dögum og um helgar.

Með því að takmarka rétt foreldra til þess að biðja um leyfi fyrir börn sín vegna slíkra ferða, er um leið, á grundvelli jafnræðisreglunnar, verið að takmarka þátttöku barnanna í ýmsu tómsundastarfi, þar sem skólum verður þá ekki heimilt svo dæmi sé tekið, að gefa leyfi fyrir íþróttiferðir eða ferðir er snúa að tónlistarnámi barnanna. Því ekki vill borgin mismuna félagasamtökum en trúar- og lífsskoðunarhópar eru frjáls félagasamtök.

Gideon félagið hefur dreift Nýja testamentinu í grunnskóla í 60 ár, fyrst til 12 ára barna en úthlutun til 10 ára barna er til komin á sínum tíma, vegna óska frá

námstjóra í kristnum fræðum og trúarbragðafræðum, svo hægt væri að nota það til kennslu. Þó svo að það sé á stefnuskrá Gideon félagsins að boða trú, þá eru fulltrúar þess í kennslustofunni, gestir skólans og sem slíkir ekki í trúboði. Öllum foreldrum er frjálst að skila Nýja testamentinu aftur óski þeir ekki eftir því að börnin sín eigi slík rit.

Með því að taka fyrir dreifingu á kynningarefni frá trúar- og lífsskoðunarhópum er verið að rjúfa mikilvæg tengsl skólans við það starf sem fram fer í hverfinu. Því ekki vill borgin mismuna félagasamtökum og því felur tillaga Mannréttindaráðs það í sér á grundvelli jafnræðisreglunnar, að öllum félagasamtökum verði í kjölfarið bannað að kynna starfsemi sína fyrir börnum í grunnskólum borgarinnar.

Í tillögunni á einnig að setja listsköpun barnanna ákveðnar skorður en trúarleg listsköpun getur með engu móti flokkast sem trúariðkun eða trúaruppeldi í þrengsta skilningi eins og gefið er í skyn í texta tillagnanna. Þetta er kennslufræðilegt atriði, þ.e. listsköpun er til að auka þekkingu og skilning á átrúnaði sem verið er að uppfræða um, og gildir þá einu hvort um til dæmis kristni, búddisma eða hindúisma er að ræða. Öll trúarbrögð eru auðug af myndrænni tjáningu og táknum og sjálfsagt að nota þau til listsköpunar, um leið og börnunum er kennt að þekkja þau og lesa úr þeim.

Kirkjuferðir á skólatíma geta annars vegar verið vettvangsferðir til fræðslu og hins vegar þátttaka í helgihaldi kirkjunnar. Á þessu tvennu er mikill munur. Bæði prestar og kennarar hafa þá menntun til að bera að geta greint þar á milli og tryggt samstarf kirkju, skóla og heimila þar sem jafnræðis er gætt. Í úrskurði Mannréttindadómstóls Evrópu var ekki gerð athugasemd við kristinfræðikennslu í grunnskólunum heldur eingöngu bent á að foreldrar hefðu val og rétt til þess að velja fyrir börn sín í samræmi við þá lífsskoðun sem þau aðhyllast.

Foreldrar hafa einnig val þegar kemur að frístundaheimilum borgarinnar þar sem ekki er um að ræða skylduviðveru skv. grunnskólalögum. Nú fara t.d. íþróttæfingar oft fram á tíma frístundaheimilisins og hefur verið gott samstarf víða í hverfum borgarinnar milli íþróttafélaganna og frístundaheimila um þátttöku barnanna í slíku starfi með leyfi foreldra. Þar sem borginni er umhugað um að mismuna engum, hlýtur eitt yfir alla að ganga og því verður ekki betur séð en að verið sé að setja allt tómsundarstarf barnanna í uppnám eigi að banna sambærilega þátttöku í kirkjustarfi.

Varðandi þann þátt tillögu Mannréttindaráðs er lýtur að aðkomu fagaðila að sálrænum áföllum er rétt að áréttta að borgin er rík af mannauði, sem býr yfir mikilli sérfræðimenntun og reynslu. Prestar hafa sérfræðimenntun á sviði sálgæslu og gegna þeir t.d. mikilvægu hlutverki í því skipulagi áfallahjálpar sem samþykkt var á landsvísu fyrr í þessum mánuði. Tillaga Mannréttindaráðs gengur þvert á það skipulag, sem í ljósi reynslunnar hefur þjónað landsmönnum vel þegar áföll verða, þar sem þverfaglegt samstarf hefur verið lagt til grundvallar. Ef útiloka á eina starfstétt úr því samstarfi innan borgarinnar fara að vakna raunverulegar spurningar um mismunun.